Reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum (reglugerð nr. 1200/2014) tók gildi í desember árið 2014. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að haft sé eftirlit með móttökuaðstöðu fyrir úrgang og farmleifar frá skipum í öllum höfnum landsins, á fimm ára fresti. Umhverfisstofnun skal fyrir 1. maí ár hvert gefa út skýrslu um niðurstöður eftirlits fyrir undangengið ár og birta á vefsetri sínu.

Tafla 1: Heimsóttar hafnir árið 2019 og fjöldi frávika

Höfn	**Flokkur**	**Fjöldi frávika**
Höfn Litla Sandi	3	0
Miðsandur	3	0
Sauðárkrókshöfn, Skagafjarðarhafnir	1	0
Hofsáshöfn, Skagafjarðarhafnir	3	0
Samtals	**4 hafnir**	**0 frávik**

Í þeim tilvikum þar sem um hafnarsamlag eða margar hafnir í sama sveitarfélagi er að ræða, þá getur verið um sama/sömu frávik að ræða sem löguð eru í einni aðgerð.

Tafla 2: Fjöldi eftirlita og frávika árið 2019 eftir flokkum hafna.

Stærðarflokkur	**Fjöldi eftirlita**	**Frávik**
Eitt	1	0
Tvö		
Þrjú	3	0
Samtals	**4**	**0**

Ef frávik eru í eftirliti eru gerðar athugasemdir og farið fram á að úrbætur verði gerðar eða tiltekin höfn getur sent inn úrbótaáætlun, þar sem kemur fram til hvaða ráðstafana er gripið til að bæta úr í samræmi við athugasemdir og hvenær þeim aðgerðum á að vera lokið.

Umhverfisstofnun fer yfir úrbótaáætlanir þegar þær berast og samþykkir þær ef tilefni er til. Ef höfn hvorki sendir úrbótaáætlun né gerir þær úrbætur sem farið er fram á getur stofnunin gripið til úrræða sbr. 14. gr. reglugerðarinnar sbr. V. kafla laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Hafnir með frávik hafa allar, skilað inn úrbótaáætlun eða gert þær úrbætur sem farið fram á.